

SUS: Íslendingar mega ekki tapa fyrir sjálfum sér

- Skattgreiðendur hafni Icesave ánauð ríkisstjórnarinnar

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) ítrekar andstöðu sína við það að íslenskir skattgreiðendur verði látnir greiða fyrir Icesave reikninga Landsbankans í Bretland og Hollandi.

Ljóst er að hvorki íslenskur almenningur né stjórnvöld stofnuðu til innlánsreikninga í Bretlandi og Hollandi – heldur var um einkarekinn banka að ræða. Þá ítreka ungir sjálfstæðismenn að Tryggingasjóður innstæðueigenda er sjálfstæður og að það er ekki á ábyrgð skattgreiðenda að greiða skuldir hans.

Ríkið á ekki að ábyrgjast eða greiða fyrir fall eða skuldir einkafyrirtækja. Dugi endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans ekki til, verður að líta á það sem glatað fé, eins og eðlilegt er í heimi viðskipta. Skattgreiðendur, sem nú leggja hart að sér að greiða nýhækkaða skatta vinstri stjórnarinnar, bera enga ábyrgð á þeim viðskiptum sem hér um ræðir.

Málstað Íslands verði haldið á lofti

Ungir sjálfstæðismenn átelja sem fyrr ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að tala ekki máli Íslendinga erlendis. Ef ekki hefði verið fyrir þrotlausu baráttu stjórnarandstöðunnar á Alþingi og sjálfstæðra aðila á borð við InDefence, hefði ríkisstjórn Jóhönnu, með fulltingi Steingríms J. Sigfússonar og liðsmanna hans, skuldbundið íslenska skattgreiðendur og afkomendur þeirra, þrátt fyrir að engin lög kveði á um ábyrgð almennings á þeim skuldbindingum.

Baráttu stjórnarandstöðunnar ber að þakka. Ungir sjálfstæðismenn vilja þó ítreka fyrir forystu Sjálfstæðisflokksins að þeir muni ekki sætta sig við málamiðlun sem hefur það í för með sér að kostnaður lendi á skattgreiðendum vegna Icesave. Það er ekki hægt að semja um skuld sem ekki hefur verið stofnað til og bæði stjórn og stjórnarandstöðu á að vera það fullljóst.

Ungir sjálfstæðismenn hvetja ungt fólk til að segja nei í atkvæðagreiðslunni

Að lokum hvetja ungir sjálfstæðismenn alla til að mæta á kjörstað næstkomandi laugardag, 6. mars, og segja NEI við því að lög 1/2010 taki gildi. Áróðursmeistarar stjórnarráðsins eru nú þegar farnir að gera lítið úr þjóðaratkvæðagreiðslunni þrátt fyrir að hafa talað fyrir því í mörg ár að þjóðin fengi að segja álit sitt á einstökum málum.

Icesave málið er einstakt mál. Burtséð frá flokkadráttum og samvinnu í pólitík, þá hvetja ungir sjálfstæðismenn Íslendinga til að tapa ekki fyrir sjálfum sér í þessu máli. Því er mikilvægt að sem flestir kjósi og segi NEI við lögunum sem skuldbinda framtíðarkynslóðir.